

innan 12 mílna fiskveiðimarkanna og að fallið hafa tveir sýknudómar í héraði í málum, sem svipar til þessa máls.

Framangreind atriði geta hafa orðið þess valdandi, að ákærði hafi litið svo á, að verknaður sinn væri eigi réttarbrott, og þykir því rétt samkvæmt 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19 frá 1940 að ákveða, að refsing hans skuli niður falla, þó hann sé sakfelldur fyrir brott það, sem hann er ákærður fyrir.

Allur afli og veiðarfæri Skipaskaga, Ak - 102, þar með taldir dragstrengir, skulu vera upptæk og eign Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Haralds Blöndal hrl., kr. 30.000.-, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.-.

#### D ó m s o r ð:

Ákærða, Oddi Gíslasyni, skipstjóra, verður eigi dæmd refsing.

Allur afli og veiðarfæri Skipaskaga, Ak - 102, þar með taldir dragstrengir, skulu vera upptæk og eign Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans, Haralds Blöndal hrl., kr. 30.000.-, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 15.000.-.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. maí 1984.

Nr. 35/1983. **Pétur Sverrir Gunnarsson**

og

**Margrét Ísaksen**

(Stefán Pálsson hrl.)

gegn

**Þór Snorrasyni h/f**

(Helgi V. Jónsson hrl.)

Verksamningur. Löghald. Réttaráhrif gjaldprotaskipta.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1983. Krefjast þeir þess, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda

og honum dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

1. *Um fjárkröfu stefnda á hendur áfrýjandanum Péttri Sverri.*

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um greiðsluskyldu áfrýjandans Péturs Sverris gagnvart stefnda á tildæmdri fjárhæð, 92.676.91 krónur, og fer um vexti af þeirri fjárhæð svo sem segir í dómsorði.

2. *Um löghald 23. febrúar 1981 í íbúð þeirri, er í málinu greinir, að Hraunbæ 70.*

Af hálfu áfrýjenda var því haldið fram í flutningi máls fyrir Hæstarétti, að á löghaldsgerðinni væru nokkrir annmarkar, sem girtu fyrir, að hún yrði staðfest. Eigi verður séð af gögnum máls, að þessari málsástæðu hafi verið hreyft í héraði, og verður hún þegar af þeirri ástæðu eigi tekin til greina. Staðfestingarmáli út af löghaldsgerðinni hefur verið réttilega haldið til laga. Ber samkvæmt því að fallast á ákvæði héraðsdóms um staðfestingu löghaldsgerðarinnar.

3. *Málsástæða áfrýjenda, er lýtur að 24. gr., 3. mgr., laga nr. 6/1978.*

Svo sem greinir í héraðsdómi, krefjast áfrýjendur þess, að dæmt verði, að réttaráhrif löghaldsgerðarinnar hafi fallið niður, þegar áfrýjandinn Pétur var lýstur gjaldþrota, sbr. 24. gr., 3. mgr., laga nr. 6/1978.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn frá skiptarétti Reykjavíkur um skiptalok í búi Péturs Sverris hinn 25. maí 1983. Samkvæmt þeim gögnum var íbúð sú, sem málið varðar, eigi dregin undir skiptin. Kröfum stefnda, þeim sem hér ræðir um, var og eigi lýst í búið. Íbúð þessi kom í hlut áfrýjandans Margrétar við fjárskipti þeirra áfrýjenda vegna hjónaskilnaðar. Var yfirlýsing þessa efnis, dags. 22. apríl 1981, þinglýst hinn 27. apríl s.á., en þess er að geta, að byggingasamvinnufélagið Framtak er þinglýstur eigandi hússins Hraunbæjar 70. Framangreint löghald var gert í íbúðinni hinn 23. febrúar 1981 og þinglýst 10. mars s.á., en bú Péturs var tekið til gjaldþrotaskipta hinn 24. júní 1982.

Fjárskiptagerningi áfrýjendanna út af íbúðinni var ekki riftað af hálfu bús Péturs Sverris. Ákvæði 3. mgr. 24. gr. laga nr. 6/1978 er sett til hagsbóta fyrir bú gjaldþrota, en búið hefur ekki freistað þess að draga eignina inn í búið. Löghaldið hefur því eigi fallið niður, svo sem hér stendur á. Verður áfrýjandinn Margrét að hlíta löghaldinu, sbr. 18. gr. laga nr. 18/1949.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að réttaráhrif framangreindrar löghaldsgerðar séu ekki fallin niður skv. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 6/1978.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað. Rétt þykir, að áfrýjandinn Pétur Sverrir greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem er hæfilega ákveðinn 22.000.00 krónur, en málskostnaður að því er varðar áfrýjandann Margréti falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að ársvextir skulu vera 35% af 14.411.53 krónum frá 15. október til 8. nóvember 1980, af 40.461.23 krónum frá þeim degi til 29. nóvember s.á., af 57.488.95 krónum frá þeim degi til 12. desember s.á., af 80.792.91 krónu frá þeim degi til 19. desember 1980, af 92.676.91 krónu frá þeim degi til 4. mars 1981, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi Pétur Sverrir Gunnarsson greiði stefnda, Þór Snorrasyni h/f, 22.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður fellur niður að því er varðar áfrýjanda Margréti Ísaksen.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. janúar 1983.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 19. þ.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 4. mars 1981, af Þór Snorrasyni h.f., Hyrjarhöfða 5, Reykjavík, gegn Pétri Sverri Gunnarsyni, Hraunbæ 70, Reykjavík, og 5. nóvember 1982 gegn Margréti Ísaksen kennara, nnr. 6370-5454, Hraunbæ 70, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að stefndi Pétur verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 92.676.91 með 46% ársvöxtum af kr. 14.411.53 frá 15. október 1980 til 8. nóvember s.á., af kr. 40.461.23 frá þeim degi til 29. nóvember s.á., af kr. 57.488.95 frá þeim degi til 12. desember s.á., af kr. 80.792.91 frá þeim degi til 19. desember s.á., af kr. 92.676.91 frá þeim degi til birtingardags stefnu í máli þessu og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

2. Að staðfest verði löghald, sem gert var í fasteigninni, 1. hæð til vinstri í húseigninni nr. 70 við Hraunbæ í Reykjavík þann 23. febrúar 1981, þáverandi eign stefnda Péturs, en nú þinglýstri eign stefndua Margrétar, til tryggingar skuldinni.

3. Að stefndi Pétur verði dæmdur til að greiða stefnanda lögfræði- og fógetakostnað við framkvæmd löghaldsins og málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

4. Að stefnda Margrét verði dæmd til að greiða málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda Péturs eru þær aðallega, að hann verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu, en *til vara*, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar og að málskostnaður verði felldur niður.

Stefnda Margrét krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

Sáttaumleitanir dómsins báru ekki árangur.

Stefnandi, sem tekur að sér frágang lóða, var undirverktaki hjá stefnda Péttri, sem hafði tekið að sér að byggja íþróttahús Hlíðaskóla hér í borg. Stefnandi annast skrudgarðapjónustu, og gerðu aðiljar með sér verksamning í apríl 1980, þar sem stefnandi tók að sér lóðarlögun í kringum íþróttahúsið. Stefnandi kveður sig hafa lokið við frágang lóðarinnar og fengið meginhluta greiðslu fyrir verkið frá stefnda Péttri, en ógreiddir hafi þó verið nokkrir reikningar, sem hann hafi framvísað í desember 1980, og nemi þeir samtals stefnufjárhæðinni. Stefnandi hafi ekki fengið greitt inn á skuld stefnda við sig síðan 15. desember 1980 og hafi hann óttast um greiðsluvilja og greiðslugetu stefnda Péturs. Hafi hann því fengið lagt löghald á íbúð stefnda Péturs fyrir skuldunum hinn 23. febrúar 1981. Þá hafi stefndu verið í hjúskap og hafi stefndi Pétur sjálfur mætt við löghaldsgerðina og bent á íbúðina til tryggingar skuldinni skv. löghaldsbeiðninni. Stefnu hafi skilið að borði og sæng í apríl 1981 og hafi stefndi Margrét fengið íbúðina í sinn hlut samkvæmt skilnaðarsamkomulagi þeirra í milli og hafi íbúðin verið þinglýst eign stefndu Margrétar. Vegna þessarar breytingar á eignaraðild íbúðarinnar hafi stefnanda borið nauðsyn til að höfða sakaukamál á hendur stefndu Margrétu til staðfestingar á löghaldinu og hafi málin verið sameinuð.

Stefnandi byggir kröfur sínar á framlögðum reikningum, sem séu fyrir unnið verk í þágu stefnda Péturs og í samræmi við samning þeirra. Stefnda Pétur hafi borið að greiða reikningana tveimur dögum eftir að greiðsla hafi verið innt af hendi af hálfu borgarsjóðs, en þangað hafi stefndi Pétur sent reikningana sjálfur. Borgarsjóður hafi greitt reikningana til stefnda Péturs, fljótlega eftir að þeir hafi verið lagðir inn, þ.e. um áramót 1980-1981, en stefndi Pétur hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Stefnandi styður kröfu sína um staðfestingu löghalds sérstaklega með því að benda á, að 3. tl. 24. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 beri að skýra í samræmi við og með hliðsjón af 1. og 2. tölulíðum sömu greinar laganna. Í 24. gr. sé átt við eignir þrotamanns, og 3. tölulíður eigi á sama hátt við eignir þrotamanns, þótt þess sé ekki sérstaklega getið í orðalagi hans. 3. tl. 24. gr. gjaldþrotalaga eigi því ekki við í þessu máli, þar sem löghaldið hafi hvílt á eign stefnda Margrétar, en ekki á eign stefnda Péturs, þegar úrskurður um að taka bú hans til gjaldþrotaskipta hafi verið kveðinn upp hinn 24. júní 1982.

Stefndi Pétur styður kröfur sínar þeim rökum, að hann hafi þegar greitt stefnanda að fullu og meira til það verkkaup, sem stefnanda hafi borið fyrir umrætt verk. Lokauppgjör hans við Reykjavíkurborg vegna byggingar íþróttahússins hafi verið gert 10. apríl 1981. Í því hafi stefndi orðið að sæta verulegum frádrætti vegna ólokinna og niðurfelldra verka og telji stefndi, að stefnandi verði að sæta samsvarandi frádrætti á tilboðsverki sínu. Reykjavíkurborg hafi skert verðbætur á greiðslur til stefnda frá 1. október 1980 vegna dráttar, sem á verkið var kominn, og mat stefnda sé, að stefnandi verði einnig að þola skerðingu á verðbótum, þar sem drátturinn hafi að nokkru verið stefnanda að kenna. Með lokauppgjöri þessu hafi greiðslur fyrst komið frá borgarsjóði á reikningum stefnanda á hendur stefnda og hafi gjalddagi reikninganna því ekki verið fyrr en 12. apríl, tveimur dögum seinna. Löghaldið hafi því verið gert fyrir kröfunni, áður en reikningarnir voru fallnir í gjalddaga, og hafi þá aldrei reynt á sjálfstæðan greiðsluvilja stefnda Péturs og hafi löghaldið verið að ófyrirsynju og beri stefnanda að greiða málskostnað skv. 1. og 4. tl. 177. gr. einkamála-laga. Stefndi bendir einnig á, að skv. dskj. nr. 16 segir stefnandi, að hann hafi þegar fengið greitt úr hendi stefnda gkr. 43.506.284, og telji stefndi, að þessi greiðsla sé meira en nægjanleg efnd á skyldum skv. verksamningi aðilja.

Málsrök stefndu fyrir sýknu af staðfestingu löghaldsins séu þau, að löghaldið sé eo ipso fallið niður skv. skýrum ákvæðum 3. tl. 24. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Þar segir, að kyrrsetning gerð fyrir upphaf gjaldþrotaskipta falli brott. Bú stefnda Péturs hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, uppkveðnum 24. júní 1982, og hljóti því kyrrsetningin að

vera fallin brott. Þetta ákvæði sé ekkert nýmæli í lögum, enda alþekkt, og stefndi andmæli alfarið túlkun lögmanns stefnanda á þessu ákvæði. Stefndi eigi ekki að öðlast betri rétt við það, að hin kyrrsetta eign fari á hönd 3ja manns, sakaukastefndu Margrétar.

Stefnda Margrét tekur sérstaklega fram, að dómkröfur stefnanda í máli þessu séu henni með öllu óviðkomandi. Sérstakt ákvæði hafi verið í skilnaðarskilmálum hennar og stefnda Péturs, að löghald þetta væri henni óviðkomandi, og hafi stefndi Pétur skuldbundið sig til þess að aflétta kvöðinni af íbúðinni við fyrstu hentugleika. Skv. afdráttarlausu ákvæði 3. tl. 24. gr. laga 6/1978 hafi kyrrsetningin fallið brott, þegar bú stefnda Péturs hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta, og þess sé krafist, að það verði staðfest með dómi þessum.

#### *Niðurstaða.*

Upplýst er og óumdeilt í máli þessu, að stefndi krefur stefnda Pétur eingöngu um greiðslu reikninga fyrir verk, sem unnin hafa verið. Skv. verk-samningi aðilja skyldi samningsverð verðbætt í samræmi við hækkun byggingarvisitölu. Ósannað er af stefnda hálfu, að dráttur sá, sem á verki varð, hafi verið stefnanda að kenna. Stefndi var ekki aðili að samningi við Reykjavíkurborg, heldur við stefnda. Stefndi hefur því ekki á þennan hátt sýnt fram á, að stefndi eigi að sæta skerðingu á verðbótum og að reikningar hans í máli þessu séu því of háir. Stefndi hefur ekki á annan hátt sýnt fram á, að reikningar stefnanda séu rangir og ekki heldur, að stefndi hafi fengið þá eða hluta þeirra greiddan. Ber stefnda því að greiða þá, enda er viðurkennt af hans hálfu, að hann hafi fengið greiðslu þeirra frá Reykjavíkurborg.

Ósannað er af stefnda hálfu, að greiðsla reikninga þeirra, sem stefndi byggir á, hafi ekki komið frá Reykjavíkurborg fyrr en við uppgjör 10. apríl 1981, og hefur stefndi því ekki sýnt fram á, að löghald það, sem gert var í íbúð hans að Hraunbæ 70 hinn 23. febrúar 1981 fyrir skuld þessari, hafi verið að ófyrirsynju.

Skýra ber 3. tl. 24. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 þannig, að ákvæðið eigi aðeins við um kyrrsetningu, gerða í eignum þrotamanns, sem heyra þrotabúinu til og renna til búsin. Íbúðin, sem löghaldið hafði verið gert í, varð eign stefndu Margrétar við skilnað stefndu að borði og sæng í apríl 1981 og var stefndu Margréti fullkunnugt um löghaldið, sem hvíldi áfram á íbúðinni. Íbúð þessi rann ekki til þrotabús stefnda Péturs, þar sem hún var ekki eign hans, og á 3. tl. 24. gr. gjaldþrotalaga því ekki við um löghald þetta. Löghaldið verður því staðfest.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda Pétur einnig til að greiða

stefnanda málskostnað, sem ákveðast kr. 20.000.00. Málskostnaður fellur niður gagnvart stefndu Margréti.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

#### D ó m s o r ð:

Framangreint lögald er staðfest.

Stefndi Pétur Sverrir Gunnarsson greiði stefnanda, Þór Snorrassyni h.f., kr. 92.676.91 með 46% ársvöxtum af kr. 14.411.53 frá 15. október 1980 til 8. nóvember s.á. af kr. 40.461.23 frá þeim degi til 29. nóvember s.á., af kr. 57.488.95 frá þeim degi til 12. desember s.á., af kr. 80.792.91 frá þeim degi til 19. desember s.á., af kr. 92.676.91 frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en með 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags, og kr. 20.000.00 í málskostnað, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður gagnvart stefndu Margréti Ísakson.

#### Löghaldsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 23. febrúar 1981.

Ár 1981, mánudaginn 23. febrúar, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Hraunbæ 70 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvassyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið C-11/1981 Þór Snorrason h.f. gegn Pétri Sv. Gunnarssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2-8 reikninga og nr. 9, löghaldstryggingu. Nr. 1-8 fylgir með í ljósríti. Nr. 9, fylgir með í afriti svoljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Brynjólfur Eyvindsson v/Helga V. Jónssonar, hrl. og krefst löghalds fyrir kr. 92.676.91 með 46% ársv. af kr. 14.411.53 frá 15. okt. 1980 til 8. nóv. 1980, af kr. 40.461.23 frá þ.d. til 29. nóv. 1980, af kr. 57.488.95 frá þ.d. til 12. des. 1980, af kr. 80.792.91 frá þ.d. til 15. des. 1980, af kr. 75.792.91 frá þ.d. til 19. des. 1980 og af kr. 92.676.91 frá þ.d. til greiðsludags.

Gerðarþoli býr hér/starfar hér og er mættur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir löghaldi í eignarhluta gerðarþola 1. hæð til vinstri í húseigninni nr. 70 við Hraunbæ.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar. Upplesið, ját-að rétt bókað. Gerðinni lokið.